



## Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytið  
Hinrik Greipsson  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	
SKJ. NÚM.	10.7.2
INSKR.	16. JÚLÍ 2008
ÁHM.	H6   Pskj
S.N.R.	08040160

Patreksfirði, 11. júlí 2008  
0807042 gsig

Efni: Sérstök skylyrði um úthlutun byggðakvóta Vesturbyggðar 2007/2008

Á 471. fundi bæjarráðs Vesturbyggða sem haldinn var 8. júlí s.l. var svohlóðandi bókað í tengslum við úthlutun byggðakvóta Vesturbyggðar fyrir fiskveiðiárið 2007/2008 samanber bréf frá Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneyti frá 27. júní s.l.

Samkvæmt úthlutun byggðakvóta sbr. 10. gr laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, sbr. lög nr. 116/2000 með síðari breytingum staðfestir Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytið umsókn Vesturbyggðar með úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2007/2008 með bréfi dags 27. júní s.l. sem hér segir:

Vesturbyggð 68 þorskígildistonn  
Brjánslækur 15 þorskígildistonn  
Patreksfjörður 74 þorskígildistonn  
Bíldudalur 140 þorskígildistonn

Bæjarráð Vesturbyggðar óskar eftir að setja sérstök skylyrði varðandi úthlutun byggðakvóta til fiskiskípa í tilteknum byggðalögum. Í ljósi fenginnar reynslu úthlutunar byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári 2006/2007 leggur bæjarráð til að stuðst verði við úthlutun á Patreksfirði og Brjánslæk sbr. auglýsingu nr. 603, frá 5. júlí 2007 og á Bíldudal sbr. auglýsingu nr. 358, frá 11. apríl 2008, einnig verði byggðakvóta Vesturbyggðar 68 þorskígildistonn úthlutað til Bíldudals. Bæjarstjóra falið í samráði við Sjávarútvegsráðuneytið að ákveða viðmiðunartímabil sbr. síðustu setningu c) liðar

Með vísun til b. liðar í 1. grein reglugerðar nr. 637 um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2007/2008 beinir bæjarráð Vesturbyggðar þeim eindregnu tilmælum til hæstvirts landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, Einars Kristins Guðfinnssonar, að úthluta Perlufiski ehf aflaheimildir, Bíldudals- og Vesturbyggðarkvóta, í þrjú ár til vinnslu á Bíldudal með upphafi í fiskveiðiárinu 2007/2008.

Rök bæjarráðs Vesturbyggðar fyrir framangreindum tilmælum byggjast á þeirri alvarlegu stöðu atvinnumála sem verið hefur á Bíldudal og sem rekja má til skerðingar í aflaheimildum.



VESTURBYGGÐ

## Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Hjálagðar uppfærð sérstök skyrði annars vegar fyrir Bíldudal og hins vegar fyrir Patreksfjörð og Brjánslæk.

Virðingarfyllst,  
f.h. Vesturbyggðar,



## *Vesturbyggð – Bíldudalur*

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24.06.2008 gilda með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) 1. gr b-liðar veður eru skráð í viðkomandi sveitarfélagi 1. maí 2008.
- b) 1. gr c-liðar veður: eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi sveitarfélagi 1. maí 2008. Miðað skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá rískisskattstjóra.
- c) Byggðakvóti Vesturbyggðar 68 þorsígildistonn og byggðakvóta Bíldudals 140 þorsígildistonn skal úthlutað til fiskiskipa samkvæmt lönduðum afla í Vesturbyggð, sem unninn hefur verið á Bíldudal, á tímabilinu 1. maí 2007 til 30. apríl 2008.
- d) Ákvæði 4. gr um 15 þorsígildislesta hámarksúthlutun fellur niður.
- e) Við bætist: Ekkert fiskiskip getur sótt um byggðakvóta nema frá einu byggðalagi.

***Vesturbyggð  
Patreksfjörður og Brjánslækur.***

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda, að öðru leyti en því að byggðakvóta til fiskiskipa á Brjánslæk og Patreksfirði verður úthlutað hlutfallslega miðað við landaðan afla til vinnslu í Vesturbyggð frá 1. maí 2007 til 30. apríl 2008.

Við bætist: Ekkert fiskiskip getur sótt um byggðakvóta nema frá einu byggðalagi.

**Í 6. gr Löndun til vinnslu**

Fiskiskipum er skylt að lnanda til vinnslu innan sveitarfélgsins.....(fella út innan hlutaðeignadi byggðalags)